



## **Reglur um snjalltæki nemenda í grunnskólum Fjarðabyggðar**



1. Nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar skulu ekki nota eigin snjalltæki, síma eða snjallúr á skólatíma, í skólanum. Nemendur geyma snjalltæki heima eða á öruggum stað í skólanum, s.s. í töskunni. Taki nemendur þau með í skólann skal vera slökkt á þeim eða þau stillt á hljóðlausa stillingu. Skólastjóri getur gert undantekningu frá þessari reglu í ákveðnum tilvikum, s.s. ef nemendur þurfa að nýta snjallsíma af heilsufarsástæðum eða þegar farið er í lengri skólaferðalög.
2. Brjóti nemandi þessar reglur skal starfsfólk benda nemanda á að setja tækið niður í tösku og slökka á því. Nemendur sem eru í símanum á skólatíma fá þrjár áminningar um að setja símann niður í tösku/vasa. Ef það þarf að hafa afskipti af nemandanum í fjórða skiptið þá er hringt heim. Ritari skólans hringir þá heim fyrir hönd starfsmanna og biður foreldri að koma og sækja símann og nemendur eiga að skilja símann eftir heima daginn eftir.

## **Snjalltæki – Verklagsreglur starfsmanna í grunnskólum Fjarðabyggðar**

1. Í grunnskólum Fjarðabyggðar skal starfsfólk ekki nota eigin snjalltæki meðal nemenda í frímínútum eða í kennslustundum, nema í kennslufræðilegum tilgangi. Undantekning er starfsfólk frístundar sem foreldrar þurfa að geta náð í á skólatíma.
2. Starfsmenn skulu gæta þess að stilla snjalltæki þannig í vinnurýmum starfsmanna að ekki hljótist af truflun fyrir annað starfsfólk.